

Versla frekar innanlands

Íslendingar ætla á árinu að snúa viðskiptum sínum meira en áður að íslenskum fyrirtækjum en erlendum. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið.

VERSLUN Tæp 38 prósent þeirra sem tóku afstöðu gera ráð fyrir að versla meira við íslensk fyrirtæki en áður. Rúm 60 prósent gera ráð fyrir að versla svipað og áður við íslensk fyrirtæki en aðeins rúm tvö prósent gera ráð fyrir minni verslun.


Ef spurt er um erlend fyrirtæki, eins og erlendar netverslanir, blasir við önnur mynd. Þannig segjast nánast jafn margir, eða um 48 prósent, annaðhvort ætla að versla minna eða svipað við erlend fyrirtæki. Aðeins fjögur prósent gera ráð fyrir að versla meira við erlend fyrirtæki.

„Þetta er ánægjuleg niðurstaða og kemur mér ekki á óvart. Það er ánægjulegt að fá það staðfest að þegar á reynir er tryggt neytenda við innlend fyrirtæki,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, um þessar niðurstöður. Hann segir þetta líka í takt við þá tilfinningu sem samtökin hafi og rími vel við áherslur stjórnvalda og atvinnulífsins á innlenda verslun. Um helgina fór af stað auglýsingaherferð þessara aðila þar sem neytendur eru hvattir til að beina viðskiptum sínum í eins miklum mæli og þeir geti til innlendra fyrirtækja.

„Þetta er líka mjög í takt við það sem oft gerist við svona aðstæður að fólk snýr sér meira að innlendum fyrirtækjum. Það er ekki bara bundið við Ísland heldur er þetta þekkt almennt,“ segir Andrés.

Gerir þú ráð fyrir að versla meira eða minna á árinu hjá íslenskum fyrirtækjum?

■ Meira ■ Svipað ■ Minna



Stuðningsfólk ríkisstjórnarinnar ætlar í meiri mæli að auka verslun við íslensk fyrirtæki en þeir sem ekki styðja stjórnina. Þannig ætla 40 prósent stuðningsfólks stjórnarinnar að auka verslun en ekki nema 31 prósent þeirra sem ekki styðja hana. Þá ætla fleiri konur en karlar að auka verslun við íslensk fyrirtæki. Tæplega 42 prósent kvenna og rúmlega þriðjungur karla gerir ráð fyrir því.

Könnunin sem var send á könnunarhóp Zenter rannsókna var framkvæmd 1. til 4. maí. Í úrtaki voru 2.300 manns 18 ára og eldri en svarhlutfall var 53 prósent. Gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu. – sar

Hlaupabrautin í Laugardal ónýt

ÍÞRÓTTIR Stórvirkar vinnuvélar og frost hafa farið illa með hlaupabrautina á Laugardalsvelli. Trúlega er hún ónýt og varla hægt að plástra sárin heldur þarf að skipta um hana. Kostnaður gæti numið um hundrað milljónum króna.

Enginn frjálsíþróttavöllur er nú nothæfur í Reykjavík og er aðstaða fyrir frjálsíþróttadeildir Reykjavíkurliðanna, Fjölnis, ÍR, Ármanns og KR, eins og í lygasögu. Því mun vormót Fjölnis fara fram í Hafnarfirði. Borgaryfirvöld lofa að laga völlinn fyrir júnílok en samkvæmt yfirliti um framkvæmdaáætlun íþrotta- og tómsundamála 2020 er gert ráð fyrir 93 milljónum króna í að endurnýja hlaupabrautina.

– bb / sjá síðu 10

Höfnuðu beiðni Icelandair

VIÐSKIPTI Félag íslenskra atvinnuflugmanna hafnaði beiðni Icelandair um að bera nýtt tilboð félagsins beint undir félagsmenn sína á fundi í gær.

Heimildir Fréttablaðsins herma að tilboðið hafi hljóðað upp á að laun stæðu í stað fyrstu tvö árin en síðan 2,5-3,5 prósent hækkun á næstu árum. Þá átti að innleiða breytt kaupaukakerfi sem myndi tryggja flugmönnum tiltekna hlutdeild í rekstrarhagnaði. Á móti átti að fjölga vinnustundum, auka hámarksflugtíma á vakt, lækka greiðslur fyrir leiguflyg og minnka orlof. Forsvarsmenn FIA hafa sagst tilbúnir til að koma til móts við Icelandair með 25 prósent hagræðingu og taldi félagið að tilboðið næði því fram. – hae, bp / sjá síðu 4



Hinu sextuga varðskipi Óðni var siglt í gær eftir nokkurt hlé og voru vélar hans ræstar í fyrsta sinn frá 2006. Óðinn er sögulegt fley. Hann tók þátt í aðgerðum vegna landhelgisdeilna á Íslandsmiðum og kom við sögu í fjölda björgunaraðgerða við Íslandsstrendur um áratuga skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

KJARAKAUP

Byrjaðu sumarið á nýjum bíll!

HEKLA • Laugavegi 170 • Sími 590 5000 • Hekla.is/kjarakaup




Fyrstur kemur fyrstur fær!

Einstök kjör af völdum bílum!

Takmarkað magn!



Veður



Suðlæg eða breytileg átt, 3-8 í dag. Bjart með köflum norðan heiða, en skýjað og stöku skúrir syðra. Hiti 0 til 9 stig, svalast á NA-landi.

SJÁ SÍÐU 14

Nánari skilyrði um styrki til fjölmiðla

STJÓRNSÝSLA Alþingi samþykkti í gær frumvarp um frekari aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldursins. Um er að ræða breytingar á ýmsum lögum vegna annars aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Hin nýsamþykktu lög kveða meðal annars á um heimild til frestunar skattgreiðslna litilla og meðalstórra fyrirtækja, rýmkun á fjárfestingarheimild lífeyrissjóða og styrki til einkarekinna fjölmiðla.

Nýtt bráðabirgðaákvæði í fjölmiðlalögum tók töluverðum breytingum í þinginu. Með breytingu frá efnahags- og viðskiptanefnd verður heimild ráðherra til að veita fjölmiðlum stuðning afmörkuð nánar en ráðgert var í frumvarpinu.



Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra.

Bætti nefndin við skilyrðum um að fjölmiðill sé ekki í vanskilum með opinber gjöld, auk ítarlegri fyrirmæla um styrkumsóknir. Ráðherra eru einnig sett nánari fyrirmæli um ákvörðun styrkfjárhæða en ráðgert var í frumvarpinu, meðal annars að fjárhæð taki ekki aðeins mið af fjölda stöðugilda á ritstjórnnum heldur einnig af útgáfutíðni og fjölbreytileika. Endanlegt hlutfall styrkja skuli ráðast af fjölda umsókna. Þá var felld brott ákvæði frumvarpsins um að stuðningur verði hlutfallslega meiri til minni fjölmiðla.

Áskilið er að úthlutun hafi farið fram fyrir 1. september næstkomandi.

Reglugerð ráðherra um styrkina hefur enn ekki verið kynnt en Alþingi samþykkti einnig í gær að hækka heildarfjárhæðina sem verja má til fjölmiðlastyrkja úr 350 milljónum í 400 milljónir. – að

Aftur er lokað á Hverfisgötu



Í gær hófst vinna við Hverfisgötu enn á ný. Á þessu sinni er gatan lokað frá Smiðjustíg að Ingólfsstræti, en umfangsmiklar framkvæmdir voru á Hverfisgötu í fyrra og gagnrýndu forsvarsmenn fyrirtækja við götuna seinagang á framkvæmdinni. Nú á að leggja snjóbræðslukerfi í gangstétt, malbika og setja upp hraðahindrun á kaflanum. Á vef borgarinnar segir að áformað sé að framkvæmdir standi frá 11. til 15. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íslenska verði ríkismál Íslands

ALÞINGI Forsætisráðherra hefur birt drög að stjórnarskrárákvæði um vernd íslenskrar tungu í samráðsgátt stjórnvalda. Kemur fram að á fundi formanna flokkanna síðastliðinn föstudag hafi verið ákveðið að setja ákvæðið í kynningu.

Í ákvæðinu segir að íslenska sé ríkismál Íslands og að ríkisvaldið skuli styðja hana og vernda. Þá segir einnig að íslenskt táknmál sé tungumál þeirra sem þurfa að reida sig á það til tjáningar og samskipta og ríkisvaldinu beri einnig að styðja það og vernda.

Frumvarpið verður til umsagnar í samráðsgáttinni til 25. maí. Áréttað er að birting í samráðsgátt á þessu stigi felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu formanna flokkanna til að standa að framlagningu frumvarpanna í þessari mynd á Alþingi.

Á yfirstandandi kjörtímabili hafa tvö önnur frumvörp um stjórnarskrárbreytingar verið kynnt; annars vegar um auðlindaákvæði og hins vegar um umhverfisvernd. – að

Hjón hringsóla óvænt í ferju um Atlantshafið

Hjónin Geirþrúð Elidóttir og Ingimar Viglundsson voru rekin aftur um borð í Norrænu í Þórshöfn í Færeyjum fyrir fimm dögum og hafa verið í ferjunni síðan. Til að bæta gráu ofan á svart varð bill þeirra fyrir skemmdum.

SAMFÉLAG „Þetta er meira en lítið leiðinlegt,“ segir Geirþrúð Elidóttir sem í dag kemur aftur til Íslands eftir að hafa neyðst til að hringsóla með Norrænu frá Seyðisfirði yfir Atlantshafið og aftur til baka.

Geirþrúð og Ingimar Viglundsson, eiginmaður hennar, fara á hverju ári til langrar dvalar á Suðurey í Færeyjum enda er Geirþrúð hálfur Færeyingur. Eins og áður keyptu þau farmiða með góðum fyrirvara. Á mánudaginn í síðustu viku var hringt í þau frá Norrænu ferðaskrifstofunni til að spyrja hvort þau myndu ekki nýta miðana og sigla með Norrænu frá Seyðisfirði næsta miðvikudag. Það gerðu þau.

„Við vorum stoppuð á bryggjunni í Færeyjum og sagt að við mættum ekki koma í land,“ segir Geirþrúð. Vegna sóttvarnareglna var hjónunum óheimilt að stíga á land. Aðeins Færeyingar, Danir og Grænlandingar mega koma til Færeyja um þessar mundir og þurfa þá að taka út tveggja vikna sóttkvi. Sá möguleiki stóð Geirþrúð og Ingimar ekki til bóða sem íslenskum ríkisborgurum, jafnvel þótt þau ráði yfir húsi í Færeyjum. Þau fóru því áfram með Norrænu til Danmerkur og þaðan til baka til Færeyja og koma síðan til hafnar á Seyðisfirði í dag.

Geirþrúð undrast að Norræna ferðaskrifstofan hafi ekki bent þeim á að þau uppfylltu ekki skilyrði til að komast inn í Færeyjar.

„Þetta er búið að vera mjög strembið. Ég er sjúklingur og það er ekki spennandi að þvælast svona,“ segir Geirþrúð og bendir á að hún sé öryrki og Ingimar kominn á eftirlaun. „Ef við hefðum vitað að það mætti ekki fara inn í landið hefðum við aldrei farið. En okkur var ekki sagt neitt.“



Hjónin Ingimar Viglundsson og Geirþrúð Elidóttir í Færeyjum árið 2004.

● ● Það er spurning hver ber ábyrgðina; er það sá sem selur miðann og þarf farþeginn enga ábyrgð að sýna?

Sigurjón Þór Hafsteinnsson, framkvæmdastjóri Norrænu ferðaskrifstofunnar

Sigurjón Þór Hafsteinnsson, framkvæmdastjóri Norrænu ferðaskrifstofunnar, segir málið leiðinlegt í alla stadi. „Það gerði sér enginn grein fyrir því að þau fengu ekki að fara í land,“ segir hann. Á heimasíðu útgerðarfélagss Norrænu, Smyril Line, segi að allir sem komi til Færeyja þurfi að fara í sóttkvi.

„Sá sölumaður sem sá um bókunina var í góðri trú um að þetta myndi virka fyrir þau,“ segir Sigur-

jón. Hins vegar hafi komið í ljós við skoðun á opinberri COVID-síðu Færeyja að þetta gildi aðeins um Færeyinga, auk Dana og Grænlandinga. „Það eru upplýsingarnar sem lágu ekki fyrir.“

Að sögn Sigurjóns hafi engir aðrir héðan lenti í sömu hremmingum og Geirþrúð og Ingimar. „Það er búið að gera allt sem hægt er til að bæta þeim þetta, það hefur verið farið með þau eins og VIP um borð,“ segir Sigurjón. „En þau virðast ekkert hafa kynnt sér þetta sjálf og það er spurning hver ber ábyrgðina; er það sá sem selur miðann og þarf farþeginn enga ábyrgð að sýna?“

Til að bæta gráu ofan á svart skemmdist bill Ingimars og Geirþrúð í óhappi um um borð. „Stýrimaðurinn lenti í klaufalegu óhappi með bilinn þeirra. En þeim hefur verið sagt að láta gera við bilinn og senda reikning,“ segir Sigurjón. gar@frettabladid.is

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bildshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Ótakmarkað gagnamagn til allra viðskiptavina vegna COVID-19

Við minnum á að viðskiptavinir okkar fá ótakmarkað gagnamagn á heimatengingum í ljósi aðstæðna vegna COVID-19.

Starfsfólk Vodafone

Karítas
Þjónustufulltrúi



vodafone.is/nyttupphaf

Vildu ekki bera tilboð Icelandair undir félagsmenn sína

VIÐSKIPTI Félag íslenskra atvinnuflugmanna hafnaði beiði Icelandair um að bera nýjan kjarasamning undir félagsmenn sína á fundi aðilanna í gær. Núverandi samningur við flugmenn Icelandair rennur út í haust og hafa forsvarsmenn félagsins sagt að nauðsynlegt sé að gera á honum breytingar til lengri tíma til að tryggja samkeppnishæfni félagsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hljóðar samningurinn,

sem er til fimm ára, upp á að engar launahækkanir komi til tals fyrstu tvö árin en síðan hækki laun um 2,5-3,5 prósent á ári á árunum 2023 til 2025. Þá verði innleitt breytt kaupaukakerfi sem geri það að verkum að flugmenn fengju tiltekna hlutdeild í rekstrarhagnaði félagsins.

Á móti átti að breyta vakta- og hvíldartímareglu svo fjölga mætti vinnustundum flugmanna, sem næmi um einu löngu flugi til Evr-



Forstjóri Icelandair segir nýjan samning tryggja 25 prósent hagræðingu í launakostnaði félagsins.

ópu í hverjum mánuði. Þá átti að auka hámarksflugtíma á vakt sem og að lækka greiðslur fyrir leiguflug. Einnig átti að minnka orlof flugmanna og tryggja að það félli síður á háannatíma félagsins.

Telur Icelandair að með hinum nýja samningi yrðu launakjör flugmanna sambærileg við þau kjör sem eru í boði hjá samkeppnisaðilum. Um sé að ræða 25 prósent hagræðingu og að tilboðið sé þannig í takt við það sem forysta FÍA hefur boðist

opinberlega til að taka á sig til þess að bjarga rekstri Icelandair.

Í kjölfar fundarins sendi Jón Þór Þorvaldsson, formaður Félags íslenskra flugmanna, bréf á félagsmenn þar sem hann sagðist búast við því að Icelandair myndi senda flugmönnum félagsins ítarlegri upplýsingar um tilboð félagsins. Slikt væri óvanalegt og að félagsmenn þyrftu að gæta sérstaklega að samstöðunni í yfirstandandi kjaraþáttu. – ÞP, hae

Maltverjar með öflugustu aðgerðirnar

COVID-19 Aðgerðir íslensku ríkisstjórnarinnar við efnahagslegum áhrifum COVID-19 faraldursins eru í 30. sæti yfir þær öflugustu í heiminum. Kemur þetta fram í nýrri greiningu Ceyhun Elgin, prófessors í hagfræði við Columbia-háskóla, og samstarfsmanna hans, sem tóku saman talnaefni frá 166 löndum.

Elgin og félagar reiknuðu heildarverðmæti aðgerðapakka sem kynntir hafa verið sem hlutfall af landsframleiðslu. Á toppnum tróna Maltverjar, sem varið hafa rúmum 22 prósentum til þess að spyrna við. Skammt þar á eftir koma Japanir, sem væru efstir ef aðgerðir Evrópusambandsins væru ekki taldar með inni í tölum Maltverja.

» Samanlagt hafa þjóðir heimsins varið 4,5 trilljónum Bandaríkjadollara í aðgerðapakka.

Bandaríkin eru í 5. sæti með tæplega 14 prósent. Efta Norðurlandþjóðin er Finnar í 11. sæti með rúmlega 11 prósent. Svíar eru í 13. sæti, Danir í 35. og Norðmenn í 49. sæti. Samkvæmt reikningunum hafa Íslendingar varið 7,8 prósentum af landsframleiðslu til viðspyrnu gegn áhrifum veirunnar.

Samanlagt hafa þjóðir heimsins varið 4,5 trilljónum Bandaríkjadollara í björgunaraðgerðir. Eða tæplega þremur milljónum milljarða króna.

Misjafnt er hvernig stuðningi er útdelt. Til að mynda hafa Evrópuþjóðirnar lagt áherslu á að bjarga fyrirtækjum frá gjaldþroti og veitt brúarlán. Önnur lönd, eins og Bandaríkin, Kanada, Japan og Suður-Kórea, hafa sent beinan fjárstuðning til einstaklinga.

Þau ríki sem varið hafa undir tveimur prósentum í baráttuna eru nær öll í Afríku, Asíu og Rómönsku-Ameríku. – khg

Skipulögð helmingun bitcoin gerist á voveiflegum tímum

Rafmyntin bitcoin er helminguð í dag, í þriðja skipti frá árinu 2009 en nú á voveiflegum tímum. Rafmyntaráð segir helmingunina skell fyrir framleiðendur, sem margir nota íslenska raforku. Orkustofnun telur að framleiðendur hafi gert ráð fyrir helminguninni í áætlunum og hún hafi því ekki sérstök áhrif.

VIÐSKIPTI Í dag er rafmyntin bitcoin helminguð í þriðja skiptið frá stofnun árið 2009. Í hin tvö skiptin, árið 2012 og 2016, var þó mun rólegri í heiminum en nú er. Er því grannt fylgst með þróuninni, sem gæti haft áhrif hér á Íslandi í ljósi þess hversu mikið af myntinni er unnið í íslenskum gagnaverum.

„Helmingunin er mjög mikill skellur fyrir þá sem stunda námuvinnslu,“ segir Kristján Ingi Mikaelsson, framkvæmdastjóri Rafmyntaráðs Íslands. „Hér á Íslandi erum við með gagnavinnsur sem framleiða útflutningsverðmæti fyrir 8,5 milljarða króna. Þær eru með viðskiptavini sem eru í námuvinnslu. Tekjur þessara fyrirtækja helmingast á einni nóttu.“

Í fyrri helmingunum hafi markaðurinn leidd sig á 12 til 18 mánuðum. Kristján gerir þó ráð fyrir að mörg fyrirtæki endi í gjaldþroti nú en eftir standi fyrirtæki með betri stöðu. „Flestir hafa gert ráð fyrir helminguninni en þetta er samt mikið tekjufall og ef verðið hækkar ekki til lengri tíma þá er staðan ekki mjög góð,“ segir hann.

Ný framleiðsla bitcoin mun fara úr 3,8 prósentum á ári niður í 1,8 prósent, eða úr um 650 þúsundum á ári niður í 330 þúsund. 18,3 milljónir bitcoin hafa þegar verið framleidd og í heildina verður aðeins 21 milljón til. Bitcoin eru búin til í svokölluðum nánum, yfirleitt í stórum gagnaverum, og fá framleiðendurnir þetta gefins fyrir það að halda myntinni í dreifingu. Myntinni er seytnað út í hagkerfið ólíkt hefðbundnum gjaldmiðlum,



Gagnaver nota um þessar mundir fimm prósent af íslenski raforku og af þeirri orku eru 90 prósent notuð til að grafa eftir rafmynt. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

sem eru prentaðir með tilheyrandi verðbólgu.

Kristján segir að þó að hagkerfið fari í aðra átt, þá hafi bitcoin staðið undir sér í allan þennan tíma og farið sé að tala um myntina eins og gull, eins konar verðmæti gegn hinu hefðbundna kerfi. Bitcoin sé hannað til að fara upp í verði.

COVID-19 hefur þó áhrif á bitcoin, eins og flest annað. Eftirspurn eftir rafmagni hefur hraðminnkað og verð fallið á flestum öðrum stöðum en á Íslandi, þar sem markaður-

inn er miðstýrður. „Þetta er mikilvægasta helmingunin sem hefur átt sér stað. Bæði eru miklu fleiri farnir að pæla í bitcoin og nú skelfur allt í heiminum.“ Þrátt fyrir þetta ráðleggur Kristján hverjum sem er að kaupa bitcoin. Myntin hafi alltaf staðið af sér leiðréttingar og verðmætið gæti sex- eða sjöfaldað sig á næstu 18 mánuðum.

Rafmyntaráð gerir ráð fyrir að um átta prósent af bitcoin heimsins séu unnin á Íslandi. Snemma byrjuðum við að bjóða upp á gagnaver

Helmingunin er mjög mikill skellur fyrir þá sem stunda námuvinnslu.

Kristján Ingi Mikaelsson, framkvæmdastjóri Rafmyntaráðs



og Auroracoin-verkefnið árið 2015 vakti mikla athygli út fyrir landsteinana. Þriðja íslenska kauphöllin með rafmynt var opnuð í gær, myntkaup.is.

Árið 2019 voru tæplega 1.000 gigavattstundir notaðar af gagnaverum á Íslandi, eða fimm prósent af allri orkuvinnslu landsins. Niútiú prósent af orku gagnaveranna eru notuð til að vinna rafmyntir.

Hanna Björg Konráðsdóttir, lögfræðingur hjá Orkustofnun, segir notkun gagnaveranna mismunandi. Hún hafi aukist hjá sumum, staðið í stað hjá öðrum eða dregist saman.

„Við gerum því ráð fyrir að fjárfestar og rekstraráðilar hafi gert ráð fyrir þessari breytingu í áætlunum sínum. Þess vegna ætti þessi viðburður sem slíkur ekki að hafa nein sérstök áhrif. Hins vegar getur komið að þeim tíma að gröftur eftir bitcoin verði ekki arðbær en það er ekki eitthvað sem við hjá Orkustofnun getum lagt mat á,“ segir hún.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ Á NÝJUM DEKKJUM!



FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum fyrir fólkubíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði. Uppgefið verð er heill umgangur eða **4 DEKK MEÐ VSK.**

Þekkt merki í boði s.s.: Michelin, Goodyear, Pirelli, Bridgestone, Firestone, Continental, Kumho og Falken. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um hvaða dekk og stærðir eru í boði:

195/55R16 - 4 stk. sumardekk - 49.000 kr.	215/60R17 - 4 stk. sumardekk - 49.000 kr.
225/55R18 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	265/60R18 - 4 stk. sumardekk - 80.000 kr.
225/60R17 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	265/50R20 - 4 stk. sumardekk - 99.000 kr.
225/70R17 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	275/70R18 - 4 stk. sumardekk - 69.000 kr.
225/55R18 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	285/60R20 - 4 stk. sumardekk - 99.000 kr.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 620-2321



HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÖLL STILLANLEG RÚM MEÐ

20-30%

AFSLÆTTI



MIKIÐ ÚRVAL, MARGAR STÆRÐIR
FRÁ 80 CM TIL 200 CM

VERÐ FRÁ
290.600 KR.

160X200 CM HJÓNARÚM
INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA, BOTN OG FÆTUR.

FULLT VERÐ 415.080 KR.

MIKIÐ ÚRVAL AF MISMUNANDI DÝNUM.
STILLTU ÞIG INN Á HVÍLD SEM GERIR LÍFIÐ BETRA



STILLTU ÞIG INN
Á HÁMARKS HVÍLD
GOTT GEGN HROTUM
MINKAR BAKFLÆÐI
EINSTÖK SLÖKUM
FRÁBÆR AÐLÖGUN



FORTE TILBODSVERÐ
175.840 KR.
BRIGGJA SÆTA RAFSTILLANLEGUR SÓFI FULLT VERÐ 219.800 KR.



COMO TILBODSVERÐ
35.920 KR.
STILLANLEGUR HÆGINDASTÖLL FULLT VERÐ 44.900 KR.

ÁTTU VON Á NÆTURGESTUM?

Svefnsofi er frábær lausn fyrir þá sem þurfa að gera mikið úr litlu plássi. Hugmyndafræðin er ofureinföld; sófi á daginn — rúm á nóttunni.

Hjá okkur færðu virkilega vandaða ítalska svefnsofa.



25%
AFSLÁTTUR

LOLLY SVEFNSÓFI

Lolly er fánlegur í ljós- og dökkgráu slitsterku áklæði. Vönduð 18 cm þykk heilsudýna í stærðinni 140 x 200 cm.



202.425 kr.

Fullt verð: 269.900 kr.



25%
AFSLÁTTUR

QUADRO SVEFNSÓFI

Ítölsk hönnun. Einstaklega góður svefnsofi. Bakinu hvolf fram á einfaldan hátt. Kemur í dökkgráu, ljósgráu og bláu slitsterku Austin áklæði. Hægt að sérpanta í mörgum litum. Vönduð 13 cm þykk heilsudýna í stærðinni 140 x 200 cm.



149.925 kr.


Fullt verð: 199.900 kr.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra
BAK



Óskar Axel segir að Tollurinn og Neytendastofa hafi dregið hann á asnaeyrunum undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Styrktarsjóður móður Óskars Axels í þrot

Styrktarsjóður til minningar um móður athafnamannsins Óskars Axels Óskarssonar var á dögum úrskurðaður gjaldþrota. Banabitinn reyndist vera þegar tollyfirvöld vildu ekki afgreiða gám af leikfangabílum frá Kína.

VIÐSKIPTI Styrktarsjóður í minningu Sigurbjargar var settur á fót árið 2016 og er forsvarsmáður hans athafnamaðurinn Óskar Axelsson. Óskar hefur marga fjórana sopið í viðskiptum en hann var maðurinn á bak við uppgang X-18 skómerkisins sem í upphafi aldarinnar var eitt umtalaðasta fyrirtæki landsins.

Styrktarsjóðinn stofnaði Óskar í minningu móður sinnar, Sigurbjargar Axelsdóttur, sem var fyrsti kvenkyns bæjarfulltrúi Vestmannaeyjabæjar. Tilgangur sjóðsins var að styðja við bakið á ungmennum með skerta starfsgetu. „Það gekk mjög vel fyrst um sinn. Við fluttum inn A4-pappír frá Kína og seldum hann til styrktar æfingamiðstöð á Ásbrú. Við söfnuðum fimm milljónum króna í það verkefni,“ segir Óskar.

Hann hafi mikla reynslu af hvers konar innflutningi og hafi sjálfur flutt inn þrjá gáma af rafleikfangabílum í samstarfi við Hópkaup.

„Þegar því samstarfi lauk þá ákvað ég að láta sjóðinn flytja inn slíka bíla enda voru þeir mjög vinsælir. Við fluttum inn tvo gáma, annan á nafni velunnara sjóðsins

Ég skil þetta ekki öðruvísi en að einhverjum innan kerfisins sé persónulega í nöp við mig.

Óskar Axel Óskarsson



en styrktarsjóðurinn flutti inn hinn,“ segir Óskar.

Það hafi síðan komið honum í opna skjöldu þegar tollstjóri neitaði að tollafgreiða gám styrktarsjóðsins á grundvelli álits Neytendastofu um að hluti bílanna væri ekki með CE-vottun.

„Þetta er með öllu óskiljanlegt. Við bentum þeim á að hinn gámurinn væri með nákvæmlega sömu vörur en hann fékk að fara óáreittur í gegn. Þá hafa þessir bílar verið í notkun í um tvö ár og aldrei heyrst kvörtun eða óánægjustuna,“ segir Óskar.

Hann segir að sjóðurinn hafi orðið fyrir verulegu fjárhagsþjóni vegna þessa. „Við höfðum leigt húsnæði í miðbænum til að selja bílana og þurftum að standa við þær skuldbindingar auk þess sem geymslugjöldin fyrir gáminn hlaupa á milljónum.“

Sjóðurinn hafi verið dreginn á asnaeyrunum hjá áfrýjunarnefndum varðandi neytendamál og tollamál sem hafi tekið allt of langan tíma í að komast að niðurstöðu. „Ég skil þetta ekki öðruvísi en að einhverjum innan kerfisins sé persónulega í nöp við mig. Það er einhver að leika sér að mér. Við höfum alls staðar rekist á vegg varðandi þennan innflutning. Það er ótrúlegt að setja stein í götu sjóðs sem er að reyna að styrkja ungmenni með skerta starfsgetu,“ segir Óskar.

Hann segir sérstaklega sárt að sjóður í nafni móður sinnar sé settur í þrot. „Það er mjög sárt. Ég ætla með þetta mál alla leið,“ segir Óskar og nefnir enn fremur að hann undirbúi birtingu myndar um óréttlætið sem hann hafi orðið fyrir af hendi embættismanna.

bjornth@frettabladid.is

Pólverjar flykkjast heim með Norrænu

SAMGÖNGUR „Þeir sem eru að fara út eru aðallega þeir sem hafa lokast hérna inni,“ segir Linda B. Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line, sem rekur ferjuna Norrænu. Síðan ferjan fór aftur af stað þann 21. apríl hafa að jafnaði farið um 20 til 30 farþegar með henni frá Seyðisfirði. Á þessum tíma í venjulegu árferði eru farþegarnir 400 til 500 talsins. Meðal þeirra sem nýta sér Norrænu nú eru Pólverjar á leið til ættlandsins.

Pólverjar eru langsamlega stærsti innflytjendahópurinn hér, um 20 þúsund manns, en fjöldi hefur misst vinnuna. Samkvæmt Vinnu-málastofnun voru 2.500 Pólverjar á atvinnuleysissskrá um mánaða-

Þeir sem eru að fara út eru aðallega þeir sem hafa lokast hérna inni.

Linda B. Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line



apríl. Þá leita margir til sendiráðsins á hverjum degi.

Flug milli Íslands og Póllands hefur legið niðri og margir sem vilja komast heim hafa ekki getað það svo glatt. Lokun loftlandamæra Póllands átti að renna út á laugardag en hefur verið framlengd til 23. maí. Linda segir Norrænu leið fyrir Pólverja til að komast heim, en henni fylgi þó viss skrifinnnska.

„Danmörk er lokuð en þú mátt fara í gegn ef þú hefur lögheimili þar eða ert með leyfi til að keyra í gegnum landið. En hver og einn þarf að sækja um það hjá dönskum yfirvöldum og hjá þýskum til að keyra þar í gegn,“ segir hún.

– khg


móttin mars og apríl og hefur þeim fjölgað síðan miðað við þær miklu hópuppsagnir sem gerðar voru í lok apríl. Samkvæmt Ferðamálastofu fóru um 600 Pólverjar úr landi í

+PLÚS



Varðskipi með sögu siglt á ný

Eftir að hafa verið siglt út á ytri höfnina í Reykjavík voru aðalvélar hins sextuga Óðins ræstar á ný í fyrsta sinn í nær fimmtán ár. Skipið hefur undanfarin ár verið hluti af Sjóminjasafninu í Reykjavík.



DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

SÍÐUSTU dagar útsölnunnar!

TILBOÐ

FJÖGURRA VÉLA SETT

3 stk 18V 5.0 Ah rafhlöður og hleðslutæki í Tstak Töskum.
Rafhlöðuborvél DCD796
Skrúfúél DCF887
SDS borvél DCH273
Slípirokkur DCG405
vnr 94DCK422P3T



139.900 m/vsk

Fullt verð 181.985

TILBOÐ

SMÍÐABÚKKAR

Sterkir búkkar sem þola allt að 450 kg þyngd.
Auðvelt að setja upp og taka saman.
vnr 93STS1-70713



10.275 m/vsk

Fullt verð 13.700

TILBOÐ

GEIRUNGSSÖG 305MM

Frábær skurðargeta bæði fyrir breiðar og þykkar spýtur allt að 110x303 mm. Skuggalínan gefur notandanum vinnulýsingu ásamt því að varpa skugga af blaðinu niður á efnið.
vnr 94DWS780



147.900 m/vsk

Fullt verð 163.348

TILBOÐ

HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18V 2.0 Ah rafhlöður.
Hersla: 70Nm.
Snúningshraði: 550/2000 sn/mín.
Kemur í T-STAK tösku.
Hleðslutæki fylgir.



KAUPAUKI
BITASETT

Í KAUPBÆTI

vnr 94DCD791D2

39.900 m/vsk

Fullt verð 46.800

TILBOÐ

GEIRUNGSSÖG 216MM

Afl: 1400 W
Snúningshraði: 6300 sn/mín
Blaðastærð: 216 mm
Mesta skurðargeta: 250 x 62mm
Þyngd: 11,5 kg



KAUPAUKI
ÞRjú AUKA BLÖÐ

Í KAUPBÆTI

vnr 94DWS774

55.700 m/vsk

Fullt verð 62.575

TILBOÐ

LÍNULASER 360° GRÆNN 10.8V

4 x Sjáanlegri en Rauður geisli
3 x 360°
Vatns- og rakavarinn IP65
Prófaður fyrir 2m fall
10.8V 2.0 Ah Rafhlaða
og hleðslutæki



vnr 94DCE089D1G

87.900 m/vsk

Fullt verð 95.719

TILBOÐ

BORÐ FYRIR GEIRUNGSSAGIR



vnr 94DF7023

29.900 m/vsk

Fullt verð 39.900

TILBOÐ

SMÁHLUTABOX



vnr 93197517

3.679 m/vsk

Fullt verð 4.599

TILBOÐ

VELTISÖG

Veltisögin kemur með 305 mm blaði. 2000W mótör.
Yfirálagsvörn sem veitir stöðuga keyrslu fyrir bestu frammistöðu.
305 mm blað veitir allt að 155 mm djúpan skurð og hjól auðvelda alla færslu fram og til baka á vinnustað.



vnr 94D27107

159.900 m/vsk

Fullt verð 169.900

TILBOÐ

HLEÐSLUBORVÉL 18V



vnr 94DCD791P2

51.900 m/vsk

Fullt verð 61.308

TILBOÐ

SLÍPIROKKUR 1400W



vnr 94DWE4237

22.900 m/vsk

Fullt verð 28.363

*Kaupaukar í boði á meðan birgðir endast með fyrirvara um prentvilla
Tilboð gilda til 15. maí eða á meðan birgðir endast

www.sindri.is / sími 575 0000

Skútuvogi 1 - Reykjavík | Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður | Bolafæti 1 - Reykjanesbæ

SINDRI

Skilaboð



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Í síðustu viku greindi Fréttablaðið frá niðurstöðum könnunar um aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum vegna COVID-19. Þar reyndust tæplega tveir af hverjum þremur þeirrar skoðunar að aðgerðir fyrir fyrirtæki væru hæfilegar. Álika stórir hópar, tæplega fimmtungur hvor, töldu aðgerðirnar annaðhvort of litlar eða of miklar. Þetta hljóta að teljast ásættanlegar niðurstöður fyrir ríkisstjórnina. Uppljóstranir síðustu daga um misnotkun hlutabótaleiðarinnar gætu hins vegar hafa breytt þeirri mynd eitthvað.

Um 55 prósent töldu aðgerðir fyrir einstaklinga hæfilegar. Hins vegar töldu rúmlega 40 prósent að of lítið væri gert fyrir einstaklinga. Þetta eru skilaboð sem stjórnvöld þurfa að taka alvarlega. Í mars og apríl var Vinnuálastofnun tilkynnt um 86 hópuþsagnir þar sem tæplega sex þúsund manns misstu vinnuna. Fjöldi þeirra sem sótt hafa um hlutabætur nálgast 37 þúsund.

Það er ljóst að atvinnuleysi verður gríðarlegt á næstu mánuðum hvað sem opinberum framkvæmdum og öðrum átaksverkefnum líður. Hvað hyggjast stjórnvöld gera fyrir þennan hóp? Verkalýðshreyfingin og hluti stjórnarandstöðunnar hafa í nokkurn tíma bent á mikilvægi þess að hækka atvinnuleysisbætur og rýmka réttindi atvinnulausra. Slíkt væri skynsamlegt að gera á meðan aðstæður á vinnumarkaði eru með þessum hætti. Þess vegna var ánægjulegt að sjá tillögu Oddnýjar G. Harðardóttur um hækkingu sem nýtist barnafólki samþykktu í gær. Þá þarf að finna leiðir til að tryggja framfærslu þeirra námsmanna sem ekki munu fá vinnu í sumar.

Eins og í mörgum nágrannalöndum okkar hefur stuðningur við stjórnvöld hérlendis aukist á þessum erfiðu tímum. Þrátt fyrir að samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokkanna þriggja sé tæp 43 prósent í nýjustu könnun Zenter fyrir Fréttablaðið segjast 60 prósent styðja stjórnina. Sá stuðningur ber auðvitað vott um góðan árangur í baráttunni við COVID-19 en líka aukna samstöðu á krisutímum. Ætli stjórnvöld sér að halda í þennan mikla stuðning þarf að halda vel á spilunum.

Það eru gríðarleg vonbrigði að stöndug fyrirtæki hafi nýtt sér hlutabótaleiðina á sama tíma og þau greiddu út arð. Viðskiptasiðferðið sem þar birtist minnir því miður á tíma sem maður var að vona að væru lidenir. Hér hefði þurft að vanda betur til lagasetningarinnar til að koma í veg fyrir svona misnotkun. Það liðu ekki nema rétt rúmir þrjár sólarhringar frá því að mælt var fyrir frumvarpinu á Alþingi þar til það varð að lögum. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar brugðust vissulega hratt við þessum fréttum og fordæmdu aðgerðirnar. Nú þarf að tryggja að upplýst verði hvaða fyrirtæki hafa nýtt sér þessa leið. Almennigur á heimtingu á því enda mun reikningurinn lenda á skattgreiðendum. Gagnsæi er í þessum efnunum besta leiðin til að veita aðhald.



Hins vegar töldu rúmlega 40 prósent að of lítið væri gert fyrir einstaklinga. Þetta eru skilaboð sem stjórnvöld þurfa að taka alvarlega.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbörðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAD LANDSINS

Halldór



Frá degi til dags

Úr smíðju demókrata

Það er fátt annað sem brennur á landsmönnum en forsetakosningarnar í sumar, eða þá halda að minnsta kosti nokkrir. Guðni Th. Jóhannesson var fjóra klukkutíma að safna öllum undirskriftum. Skammt á eftir honum kemur Guðmundur Franklin Jónsson, sem náði að safna á annað hundrað undirskriftum í Kringlunni um helgina. Guðmundur hefði verið þrjár klukkutíma að ná öllum undirskriftunum ef ekki hefði verið fyrir nýtt plakát sem var augljóslega sótt úr smíðju bandarísku þingkonunnar Alexöndru Ocasio Cortez. Hún er demókrati en Guðmundur og hans stuðningsmenn eru dyggir aðdáendur Trumps.

Út að aka

Það kom félagsmálaráðherra í koll um helgina að segja að ríkissjóður væri ekki til þess gerður að ausa fé í fólk sem gerir ekki neitt. Stúdentar reiddust mjög við þessi ummæli. Hefst þá leitir að einhverjum leiðum til að fá stúdentana til að gera eitthvað til að vinna sér inn fé. Fæstir geta lifað eingöngu á því að flytja lögheimili sitt út á land og þiggja bætur fyrir að búa í höfuðborginni. Er þá öllu vænlegra fyrir stúdentana að verða sér úti um bil, keyra stanslaust í allt sumar og fá fyrir það akstursdagpeninga.

arib@frettabladid.is

Lærdómssamfélagið



Lilja Alfredsóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Skólafólk lyfti grettistaki þegar takmarkanir á skólastarfi komu til framkvæmda snemma í mars. Kennarar og stjórnendur þurftu á augabragði að umblyta öllu skólastarfi og koma til móts við nemendur, svo námsframvindan yrði fyrir sem minnstum skaða. Skólar brugðust ólíkt við eftir aðstæðum, og færðu sig mismikið yfir í rafræna kennslu og samskipti. Alls staðar voru þó stigin stór þróunarskref, sem skólarnir geta nýtt sér þegar kórónutímabilinu lýkur.

Rafræn samskipti hafa þróast hratt síðustu misseri. Mikill ávinningur felst í því fyrir samfélagið allt að nýta tæknina. Samvinna getur orðið skilvirkari og þátttakendur virðast oft einbeittari, fólk virðist frekar mæta á réttum tíma á fjarfundi en hefðbundna, pappír sparast og umferð minnkar, svo dæmi séu nefnd. Öllum er ljóst, að aukid tæknilæsi skapar grundvöll fyrir margbreytilegar tæknilausnir.

Ekkert kemur þó í stað beinna samskipta milli nemenda, kennara og annars starfsfólks skólanna. Góðir kennarar og skólastjórnendur eru ómetanlegir. Skólasamfélagið á hverjum stað er einkar mikilvægt fyrir félagslegan þroska, geðheilbrigði, færni í samskiptum og almennt nám. Skólinn er vettvangur barna til að hitta og spegla sig í jafningjum sínum og starfsfólki. Þetta á ekki sist við þá sem standa höllum fæti og líklega muna flestir eftir góðum kennara sem hafði varanlega góð áhrif á líf þeirra. Þess vegna er skólasamfélagið, með sinni mannlegu nánd og tengsl í fyrirrúmi, eitt af því dýrmætasta sem íslenskt menntakerfi á.

Tækniþróun og iðnbyltingar munu ekki leysa kennarann af hólmi. Skólastarf byggir á öflugu lærdómssamfélagi þar sem skólafólk, nemendur og foreldrar mynda jákvæða og uppbyggilega menningu. Það er ástæða til að fagna auknu tæknilæsi, sem styður við jákvætt og uppbyggilegt skólastarf á öllum skólastigum. Kennarar og skólastjórnendur halda áfram mikilvægi sínu, því eitt af því sem kemur fram hjá nemendum á COVID-tímum er söknuður í lærdómssamfélagið.



Tækniþróun og iðnbyltingar munu ekki leysa kennarann af hólmi.

Fortíðarskvaldur



Dóra Björt Guðjónsdóttir
borgarfulltrúi
Pírata í
Reykjavík

Fortíðarskvaldrið ómar þar sem klappstýrur afturhaldsins halda áfram að því er virðist endalausum svanasöng bilborgarinnar í takt við dauðateygjur arfleifðar borgarstjórnartíðar Davíðs Oddssonar.

Sjaldan hefur með jafn skýrum

hætti kristallast hugmyndafræðilegur ágreiningur meirihlutans og minnihlutans í borgarstjórn um hvort stefna beri til framtíðar með minni losun gróðurhúsalofttegunda, aukinni samkeppnishæfni og meira valfrelsi fyrir betri, skemmtilegri og manneskjulegri borg eða hvort grípa beri með sveittum krumlum fortíðar um visnandi svart/hvíta ímynd samfélags þar sem hugmyndin um einkabilinn sem helsta kennimerki sjálfstæðisins fær að hjakka áfram í sama subbulega bilfarinu.

Mikið hvað ég er ánægð með það að borgarþúar skyldu velja umhverfið, grósku og sjálfbæra

og nútímalega framtíðarsýn fyrir fólk fyrst og fremst, þar sem líffræðilegur fjölbreytileiki, lýðheilsa og lífandi og opið samfélag fær að blómstra.

Við þá herra menn sem stoppa mig á förnum vegi, hvort sem það er í raunheiminum eða á internetinu, og biðja mig um að „laga Laugavegin“ og eru þar með að veita sína stuðningsyfirlýsingu við hina fyrrnefndu visnandi og fúnandi ímynd svo að billinn þeirra njóti áfram þeirra fullkomnu forréttinda sem hann og þeir hafa alltaf notið undir stjórn Sjálfstæðisflokksins vil ég segja þetta: Ég er að laga Laugavegin. Með því að gera hann að göngugötu.

Fötluð eða langveik börn á tímum Covid-19 faraldurs

Ingólfur Einarsson

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Sigrún Birgisdóttir
Einhverfusamtökin
Bryndís Sigurbjörnsdóttir
Landssamtökin Proskahjálpi
Ragna Marinósdóttir
Umhyggju, félag langveikra barna



Aðstæður í samfélaginu okkar nú á tímum Covid-19 kalla á slíka aðlögun.

Foreldrar, aðstandendur og fagaðilar sem annast fötluð börn, börn með ýmsar þroskaraskanir eða langvinn veikindi standa frammi fyrir aðstæðum sem geta margar hverjar verið jákvæðar, gefandi og þroskandi, en einnig krefjandi. Í flestum tilvikum eru stuðningsþarfir einstaklings með skerta færni auknar, miðað við það sem almennt gerist. Þrátt fyrir að okkar samfélagi hafi auðnast að bæta úr ýmsum þáttum varðandi umgjörðina í málaflöknum, þá þarf stöðugt að vinna í því að gera betur og aðlaga þjónustu eftir aðstæðum hverju sinni. Aðstæður í samfélaginu okkar nú á tímum Covid-19 kalla á slíka aðlögun.

Um verndarsóttkvi

Foreldrar og aðrir aðstandendur barna sem eru í þörf fyrir meiri stuðning eru oft í erfiðari stöðu en aðrir foreldrar. Mörg langveik eða fötluð börn eru í skilgreindum áhættuhópi vegna Covid-19. Hvorum hópi sem þau tilheyra þá hafa mörg verið í verndarsóttkvi ásamt foreldrum sínum undanfarnar

vikur. Slík sóttkvi hefur oft verið gerð að tilmælum lækna barnanna, en önnur hafa verið að frumkvæði foreldranna. Ýmsar ástæður geta legið að baki ákvörðun umsjáradila barns um að beita verndarsóttkvi.

Atvinnuþáttaka og tekjur

Margir foreldrar fatlaðra og langveikra barna eru í þeirri stöðu að geta ekki unnið fulla vinnu samhliða umönnun barnanna. Við skerta þjónustu versnar staða þessa hóps. Foreldrar hafa í mörgum tilfellum þurft að ganga á orlof sitt til að geta sinnt börnum sínum, undanfarið, m.a. vegna viðvera í verndarsóttkvi eða skerts skóladags og kemur það í kjölfar verkfallsaðgerða fyrr á árinu. Foreldrar í þeirri stöðu neyddust til að nota orlofsdaga sína í að sinna börnum heima. Því er ljóst að fjölmargir foreldrar sem hér er vísað til ganga inn í sumarið með rýran orlofsrétt.

Foreldrar af erlendum uppruna

Foreldrar fatlaðra barna, barna með þroskaraskanir eða langvinn veikindi, sem jafnframt eru af erlendum uppruna, standa í mörgum tilvikum enn hallari fæti. Í mörgum tilvikum er stuðningsnetið í kringum fjölskylduna lítið, eða alls ekki til staðar. Óöryggi getur skapast í meira mæli ef foreldrar skilja ekki vel íslenskt tungumál. Ákvarðanir geta verið teknar á grunni ónógra upplýsinga eða misskilnings. Það hefur borið við að fjölskyldur fylgja fremur leiðbeiningum sem þær fá frá heimalandi sínu. Ötinn við Covid-19 smit er stundum mikill. Foreldrar eru þá ekki bara að hugsa um viðkvæm börn sín, heldur líka til þess að það er enginn annar náinn til staðar til að hugsa um börnin ef foreldrarnir veijkjast sjálfir. Undirrituð hafa því skilning á að fjölskyldur hafa kosið að vera heima í verndarsóttkvi síðustu vikur.

Hvað er til ráða?

Huga þarf sérstaklega að fjárhagsaðstoð fyrir allar fjölskyldur í ofangreindum sporum. Við mælum því með því að foreldrar sem hafa kosið sjálfir eða verið gert að fara í verndarsóttkvi og orðið fyrir tekjutapi, fái það bætt. Markviss þjónusta í...

FRÉTTABLAÐIÐ

Nánar á frettabladid.is

Getum ekki skorast undan



Valgerður Sigurðardóttir
borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins í
Reykjavík

Börnin fá blóðnasir í tíma og ótíma, þau kasta upp, þau fá mikla höfuðverki, þeim liður illa. Þeim liður illa í skólanum sínum. Ekkert finnst líkamlega að börnunum sama til hvaða lækna er leitað, er mögulega eitthvað að í skólanum þeirra? Ekkert hefur fundist að heima hjá þeim, en þegar þessi börn eru ekki í skólanum og dvelja heima í nokkra daga hætta þau að vera veik. Þetta eru sögurnar sem foreldrar barna í Fossvogsskóla hafa verið að segja okkur. Þetta eru einkenni þeirra sem veijkjast vegna myglu enda fannst mygla í húsnæði Fossvogsskóla og þrátt fyrir lagfæringar á húsnæðinu eru börnin enn þá að veijkjast.

